VIÐAUKI I

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Efmody 5 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða:
Efmody 10 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða:

2. INNIHALDSLÝSING

Efmody 5 mg hörð hylki með breyttan- losunarhraða.

Hvert hylki með breyttan losunarhraða inniheldur 5 mg af hýdrókortisóni.

Efmody 10 mg hörð hylki með breyttan- losunarhraða.

Hvert hylki með breyttan losunarhraða inniheldur 10 mg af hýdrókortisóni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hörð hylki með breyttan -losunarhraða

Efmody 5 mg hörð hylki með breyttan-losunarhraða.

Hylki (u.þ.b. 19 mm að lengd) með ógegnsæju bláu loki og ógegnsæjum hvítum botni með áprentuðu „CHC 5 mg“ sem inniheldur hvítt eða beinhvítt kyrni.

Efmody 10 mg hörð hylki með breyttan-losunarhraða.

Hylki (u.þ.b. 19 mm að lengd) með ógegnsæju grænu loki og ógegnsæjum hvítum botni með áprentuðu „CHC 10 mg“ sem inniheldur hvítt eða beinhvítt kyrni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð við meðfæddum ofvexti nýrnahetta (Congenital Adrenal Hyperplasia (CAH)) hjá fullorðnum og unglingum 12 ára og eldri.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Meðferð skal hafin af lækni með reynslu af meðhöndlun meðfædds ofvaxtar nýrnahetta.

Ákvarða verður skammt í viðhaldsmeðferð fyrir hvern einstakling með hliðsjón af svörun sjúklings. Nota skal minnsta mögulega skammt.

Nauðsynlegt er að vakta klíníska svörun og fylgjast skal náið með sjúklingum með tilliti til einkenna sem gætu þarfnast skammtaaðlögunar, þ.m.t. breytingar á klínísku ástandi sem orsakast af sjúkdómshléum eða -versnun, breytingum á blóðsöltum, sérstaklega blóðkalíumlækkun (sjá kafla 4.4) eða blóðnatríumlækkun, svörun einstaklingsins við lyfinu og áhrifum álags (t.d. skurðaðgerðir, sýkingar, áverkar). Þar sem meðferðarsniðið felur í sér breyttan- losunahraða, eru blóðrannsóknir

gerðar til að fylgjast með klínískri svörun og meta skal kvöldskammtinn með blóðrannsókn sem tekin er að morgni og meta morgunskammtinn með blóðrannsókn fyrri part eftirmiðdags.

Við of mikið líkamlegt og/eða andlegt álag getur reynst nauðsynlegt að auka Efmody skammtinn og/eða bæta við hýdrókortisóni með hraða losun, sérstaklega síðdegis eða á kvöldin.

Íhuga ætti að aðlaga skammta í þeim tilfellum þar sem er samhliða notkun öflugra CYP3A4-virkja eða hemla (sjá kafla 4.5).

Meðferð við meðfæddum ofvexti nýrnahetta

Ráðlagðir uppbótarskammtar af hýdrókortisóni eru 10-15 mg/m^2/dag hjá unglingum 12 ára og eldri sem ekki hafa lokið vexti og 15-25 mg/dag hjá unglingum sem hafa lokið vexti og fullorðnum sjúklingum með meðfæddan ofvöxt nýrnahetta. Hjá sjúklingum þar sem líkaminn framleiðir enn eitthvað magn kortisóls gæti minni skammtur dugað.

Í upphafi ætti að skipta heildarskammti á sólarhring í tvo skammta þar sem tveir þriðju til þrír fjórðu af skammtinum eru gefnir á kvöldin rétt fyrir háttatíma og afgangurinn gefinn að morgni. Síðan ætti að títra skammta að einstaklingsbundinni svörun sjúklinga.

Morgunskammtinn skal taka á fastandi maga að minnsta kosti 1 klukkustund fyrir máltíð og kvöldskammtinn skal taka fyrir svefn að minnsta kosti 2 klukkustundum eftir síðustu máltíð dagsins.

Skipt yfir í Efmody úr hefðbundinni sykursterameðferð.

Þegar skipt er úr hefðbundinni uppbótarmeðferð með hýdrókortisónlyfi til inntöku yfir í Efmody meðferð hjá sjúklingum þá á að gefa nákvæmlega sama heildarskammt á sólarhring, en skipta honum þannig að tveir þriðju til þrír fjórðu af skammtinum séu gefnir að kvöldi rétt fyrir háttatíma og afgangurinn gefinn að morgni.

Þegar skipt er úr meðferð með öðrum sykursterum yfir í meðferð með Efmody skal nota viðeigandi umreiknistuðul og vakta svörun sjúklingsins vandlega.

Þegar skipt er yfir í Efmody meðferð, getur það valdið einkennum vanstarfsemi nýrnahetta eða of mikilla uppbóta þegar verið er að finna ákjósanlegasta skammtinn.

Ekki er mælt með upphafsskammti yfir 40 mg af hýdrókortisóni á sólarhring.

Við alvarlega áverka, viðbótarsjúkdóm eða á álagstímabili

Við alvarlegar aðstæður er tafarlaust þörf á skammtaaukningu og skipta þarf úr meðferð með hýdrókortisóni til inntöku yfir í inndælingarmeðferð (sjá kafla 4.4).

Í minna alvarlegum aðstæðum, þar sem ekki er þörf á að gefa hýdrókortisón til inndælingar, á tímabili þar sem um er að ræða líkamlegt og/eða andlegt álag, skal gefa hýdrókortisón með hraða losun í sama heildarskammti á sólarhring og gert var með Efmody en skipt upp í þrjá skammta. Meðferð með Efmody skal haldið áfram samskvæmt hefðbundinni meðferðaráætlun (þ.e. tvöföldun sólarhringsskammts af hýdrókortisóni) til að auðvelda sjúklingi að snúa aftur í vanalegan uppbótarskammt af Efmody þegar ekki er lengur þörf á aukalegum skammti af hýdrókortisóni.

Ef um er að ræða langtímaaukningu á sólarhringsskammti af hýdrókortisóni vegna langvarandi álags eða veikinda, skal venja sjúkling gætilega af aukalegu hýdrókortisóni.
Gleymdir skammtar

Ef skammtur af Efmody gleymist, skal taka hann eins fljótt og auðið er.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun Efmody hjá sjúklingum eldri en 65 ára.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með væga eða í meðallagi mikla skerðingu á nýrnastarfsemi. Mælt er með eftirliti með klínískri svörun hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi og skammtaaðlögun kann að reynast nauðsynleg (sjá kafla 4.4).

Skert lifrarstarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með væga eða í meðallagi mikla skerðingu á lifrarstarfsemi. Mælt er með eftirliti með klínískri svörun hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi og skammtaaðlögun kann að reynast nauðsynleg (sjá kafla 4.4).

Börn

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun Efmody hjá börnum yngri en 12 ára. Önnur lyf sem innihalda hýdrókortisón eru fáanleg fyrir börn yngri en 12 ára.

Unglingar

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun Efmody hjá börnum á unglingum 12 til 18 ára.

Lyfjagjöf

Hylkin skal gefa til inntöku.

Ráðleggja skal sjúklingum að gleypa hylkin með vatni til að skola hylkjunum niður.

Ekki skal tyggja hylkin þar sem það getur haft áhrif á losunarmáta lyfsins ef hylkin eru tuggin.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Skyndileg nýrnahettubilun (adrenal crisis)

Bráð vanstarfsemi nýrnahetta (acute adrenal insufficiency) getur komið fyrir hjá sjúklingum með þekkta skerðingu á starfsemi nýrnahetta, sem eru ekki að fá fullnægjandi skammta á sólarhring eða eru í aðstæðum sem kalla á aukna þörf fyrir kortisól. Þess vegna ætti að láta sjúklinga vita af teiknum og einkennum bráðrar vanstarfsemi nýrnahetta og skyndilegrar nýrnahettubilunar og nauðsyn þess að leita tafarlaust til læknis. Ef meðferð með hýdrókortisóni er skyndilega hætt þá er hætta á að það leiði til skyndilegrar nýrnahettubilunar og dauða.

Við skyndilega nýrnahettubilun skal gefa hýdrókortisón til inndælingar, helst í bláæð, í stórum skömmtum ásamt natríumklóríð 9 mg/ml (0,9%) innrennslislausn, samkvæmt gildandi meðferðarleiðbeiningum.

Fyrir aðgerð, vegna meiriháttar áverka eða meðan á viðbótarsjúkdómi stendur.

Fyrir aðgerð verður að láta svæfingalækna vita ef sjúklingur tekur barkstera eða hefur áður tekið barkstera.

Gjöf hýdrókortisóns með inndælingu er nauðsynleg þegar um er að ræða tímabundin veikindatilvik eins og alvarlegar sýkingar, einkum maga- og garnabólgu ásamt uppköstum og/eða niðurgangi, háum hita af ólíkum orsökum eða líkamlegu álagi, svo sem í kjölfar alvarlegra slysa og skurðaðgerða sem krefjast svæfinga. Þar sem þörf er á gjöf hýdrókortisóns til inndælingar, skal meðhöndla sjúklinginn við aðstæður með endurlífgunartækjum til taks ef ástandið leiðir til bráðrar vanstarfsemi nýrnahetta hjá sjúklingi.

Í síður alvarlegum aðstæðum þar sem ekki er þörf á inndælingu hýdrókortisóns, til dæmis í tengslum við vægar sýkingar, meðalmikinn hita af ólíkum orsökum og streituvaldandi aðstæður, s.s. minni háttar skurðaðgerðir, ætti að hafa ofarlega í huga hættuna á að fá skyndilega nýrnahettubilun.

Sýkingar

Það ættu ekki að vera meiri líkur á sýkingu í tengslum við uppbótarskammt af hýdrókortisóni en taka ætti allar sýkingar alvarlega og skammtaaukningu stera skal hefja snemma (sjá kafla 4.2). Sjúklingar með meðfæddan ofvöxt nýrnahetta eiga í hættu á að fá lífshættulega skyndilega nýrnahettubilun meðan á sýkingu stendur og því á að viðhafa sérstaka aðgát hvað smit varðar og leita til sérfræðings tímanlega.

Bólusetning

Barksterameðferðaráætlanir fyrir fólk með meðfæddan ofvöxt nýrnahetta valda ekki ónæmisbælingu og eru því ekki frábending við gjöf lifandi bóluefna.

Aukaverkanir vegna barksterauppbótameðferðar

Helstu aukaverkanir barkstera tengjast skömmtum og tímalengd útsetningar. Aukaverkanir eru því ólíklegri þegar barksterar eru notaðir sem uppbótarmeðferð. Stórir skammtar (lífeðlisfræðilega stórir) af hýdrókortisóni geta hækkað blóðþrýsting og aukið salt- og vökvasöfnun og útskilnað kalíums.

Langtímameðferð með skömmtum af hýdrókortisóni sem eru yfir lífeðlisfræðilegu magni getur leitt til klínískra einkenna sem líkjast Cushing-heilkenni, með aukinni offitu, offitu í kvið, háþrýstingi og sykursýki, og þar af leiðandi aukið hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og dauðsföllum vegna þeirra. Vara skal sjúklinga við einkennum sykursýki og nauðsyn þess að leita læknishjálpar ef þau koma fram.

Allir sykursterar auka útskilnað kalsíums og draga úr hraða enduruppbyggingar beina. Langvarandi uppbótarmeðferð með sykursterum getur því dregið úr steinefnaþéttni beina (sjá kafla 4.8).

Vara skal sjúklinga við hugsanlegum alvarlegum geðrænum aukaverkunum; sæluvíma, oflæti, geðrof með ofskynjunum og óráð hafa sést hjá fullorðnum sjúklingum við skammtastærðir fyrir uppbótarmeðferð með hýdrókortisóni (sjá kafla 4.8). Einkenni koma vanalega fram innan nokkurra daga eða vikna frá því að meðferð hefst. Áhætta getur verið meiri við stóra skammta/altæka útsetningu (sjá einnig kafla 4.5), þó að skammtagildi geri ekki kleift að spá fyrir um upphaf, gerð, alvarleika eða tímalengd aukaverkana. Það dregur úr flestum aukaverkunum, ýmist eftir skammtaminnkun eða skammtastöðvun, þó að sérstök meðferð geti reynst nauðsynleg. Rétt er að hvetja sjúklinga til að leita læknis ef vart verður sálrænna einkenna sem vekja áhyggjur, sérstaklega ef grunur leikur á að um þunglyndi eða sjálfsvígshugsanir sé að ræða. Sjúklingar ættu einnig að vera vakandi fyrir hugsanlegum geðröskunum sem geta komið fram, ýmist á meðan eða strax eftir að skammtur er minnkaður eða hætt er á altækum sterum, þó ekki hafi oft verið greint frá slíkum tilfellum.

Mjög sjaldan hafa tilvik um ofnæmislíkt lost komið fram hjá sjúklingum sem fá barkstera, en leita skal tafarlaust til læknis ef vart verður ofnæmislíkra einkenna (sjá kafla 4.8).

Raskanir á magatæmingu og þarmahreyfingum

Ekki er mælt með lyfjaformum með breyttan losunarhraða, svo sem Efmody, hjá sjúklingum með auknar þarmahreyfingar, þ.e. langvarandi niðurgang, vegna hættu á skertri kortisólútsetningu. Engar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með staðfesta röskun/sjúkdóm sem veldur hægari magatæmingu eða skertum þarmahreyfingum. Vakta skal klíníska svörun hjá sjúklingum með slíka kvilla.

Vaxtarskerðing

Barksterar geta valdið vaxtarskerðingu hjá börnum og unglingum; hún getur reynst óafturkræf. Meðferð ætti að takmarkast við lágmarksskammt sem þarf til að ná tilætlaðri klínískri svörun og þegar hægt er að minnka skammta þá ætti að minnka þá smám saman. Óhófleg þyngdaraukning með minnkaðan vaxtarhraða eða önnur einkenni eða teikn um Cushings heilkenni benda til of mikillar sykursterauppbótar. Þörf er á tíðara eftirliti með vexti, blóðþrýstingi og almennri líðan barna.

Hröðun kynþroska

Unglingar með meðfæddan ofvöxt nýrnahetta kunna að sýna merki um hröðun kynþroska. Fylgjast skal náið með sjúklingum og ef vart verður merkja um snemmkominn kynþroska eða hröðun kynþroska, skal íhuga skammtaaukningu. Mælt er með vandlegu og reglulegu eftirliti með fullorðnum sjúklingum og mælt er með skammtaaðlögun sem samræmist svörun einstakra sjúklinga.

Sjóntruflanir

Það kann að vera að tilkynnt verði um sjóntruflanir við bæði altæka og staðbundna notkun barkstera. Ef sjúklingur fær einkenni eins og þokusýn eða aðrar sjóntruflanir, ætti að íhuga að vísa sjúklingi til augnlæknis til að meta hugsanlegar orsakir sem gætu m.a. verið drer, gláka eða mjög sjaldgæfur sjúkdómur eins og miðlægur vessandi æðu- og sjónukvilli (central serous chorioretinopathy) sem tilkynnt hefur verið um við bæði altæka og staðbundna notkun barkstera.

Blóðkalíumlækkun

Meðferð við meðfæddum ofvexti nýrnahetta gefur oft tilefni til viðbótarmeðferðar með saltsterum (mineralocorticosteroids). Eftirlit skal haft með kalíum (sjá kafla 4.5 og 4.8).

Varúðarreglur

Hjá bæði körlum og konum sem hafa minnkaða frjósemi vegna meðfædds ofvaxtar nýrnahetta getur frjósemi verið endurheimt fljótlega eftir að meðferð með Efmody hefst, sem getur leitt til óvæntra þungana. Upplýsa skal sjúklinga um möguleika á endurheimt frjósemi þegar meðferð með Efmody er hafin svo hægt sé að meta hvort þörf sé á getnaðarvörnum (sjá kafla 4.6).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Hýdrókortisón umbrotnar fyrir tilstilli cýtókróms P450 3A4 (CYP3A4). Samhliða notkun lyfja sem eru hemlar eða virkjar CYP3A4 getur því leitt til óæskilegra breytinga á sermisþéttni hýdrókortisóns og valdið hættu á aukaverkunum, einkum skyndilegrar nýrnahettubilunar. Gera má ráð fyrir þörf á aðlögun skammta þegar slík lyf eru notuð og fylgjast skal náið með sjúklingum.

Lyfjaflokkar sem virkja CYP3A4, sem krefjast hugsanlegrar aukningar á Efmody skömmtum eru m.a., en takmarkast ekki við:

- Krampastillandi lyf: fenýtóín, karbamazepín og oxkarbazepín
- Sýklalyf: rifampicín og rifabútín
- Barbitúröt þ.m.t. fenóbarbítal og prímidón
- Andretróveirulyf: efavírenz og nevírapín
- Jurtalyf eins og Jóhannesarjurt

Lyf/efni sem hamla CYP3A4, sem krefjast hugsanlegrar lækkunar á hýdrókortisón skömmtum, eru m.a., en takmarkast ekki við:

- Sveppalyf: ítrakónazól, posakónazól, vórikónazól
- Sýklalyf: erýtrómýsín og klarítrómýsín
- Andretróveirulyf: ritonavír
- Greipaldinsafi
- Lakkrís

Barksterar hafa hamlandi áhrif á æskilega verkun blóðsykurslækkandi lyfja, þar með talið insúlíns.

Lyf/efni sem hafa áhrif á jafnvægi blóðsalta geta aukið hættu á blóðkalíumlækkun hjá sjúklingum sem taka Efmody. Þar á meðal eru kalíumsparandi þvagræsilyf, örvandi hægðalyf, saltsterar (flúdrókortisón), tetrakósaktíð (Synacthen), amfóterícín B í bláæð og lakkrís.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Hýdrókortisón fer yfir fylgju. Hýdrókortisón umbrotnar helst fyrir tilstilli 11βHSD2 í fylgju í óvirkt kortisón sem dregur úr útsetningu hjá fóstri. Ekkert bendir til þess að uppbótarmeðferð með hýdrókortisóni hjá þunguðum konum tengist skaðlegum áhrifum á fóstrið. Nota má hýdrókortisón til uppbótarmeðferðar á meðgöngu.
Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturverkanir barkstera á æxlun (sjá kafla 5.3).

Brjóstagjöf

Hýdrókortisón skilst út í brjóstamjólk. Hins vegar er ólíklegt að skammtar af hýdrókortisóni sem notaðir eru til uppbótarmeðferðar hafi klínískt marktæk áhrif á barnið. Nota má hýdrókortisón til uppbótarmeðferðar meðan á brjóstagjöf stendur.

Frjósemi

Hjá bæði körlum og konum sem hafa minnkaða frjósemi vegna meðfædds ofvaxtar nýrnahetta getur frjósemi verið endurheimt fljótlega eftir að meðferð með Efmody hefst. Hjá konum mun lækkun á 17-OHP og andróstenedíóni leiða til samsvarandi lækkunar á prógesteróni og testósteróni sem getur valdið endurkomu tíða/frjósemi (sjá kafla 4.4).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Efmody hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Tilkynnt hefur verið um þreytu og sundl. Ef skert nýrnahettustarfsemi er ekki meðhöndluð eða ef ófullnægjandi uppbótameðferð er beitt, getur það haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi lyfs

Í klínísku rannsóknaráætluninni voru algengustu alvarlegu aukaverkanirnar bráð nýrnahettubilun (4,2% sjúklinga sem fengu meðferð með Efmody), aðrar algengar aukaverkanir í tengslum við

Efmody meðferð voru þreyta (11,7% sjúklinga), höfuðverkur (7,5%), aukin matarlyst (5,8%), sundl (5,8%) og þyngdaraukning (5,8%). Algengustu viðbrögðin sem tilkynnt var um vegna Efmody í samanteknum sjúklingahópi í klínískri rannsóknaráætlun koma fram í töflu hér að neðan. Greint var frá tveim alvarlegum aukaverkunum blóðkalíumlækkunar (2,2%) í langtíma framhaldsrannsókninni DIUR-006 hjá sjúklingum sem fengu saltstera.

Tafla með lista yfir aukaverkanir

Tíðni aukaverkana er flokkuð sem: Mjög algengar (≥1/10); algengar (≥1/100 til <1/10), sjaldgæfar (≥1/1.000 til <1/100).

Tafla 1 - Tafla yfir aukaverkanir sem hafa komið fram í klínískum rannsóknum

MedDRA flokkun eftir líffærum	**Aukaverkun**	**Tíðni**
Innkirtlar	Skert starfsemi nýrnahetta, þar með taldar bráðar aukaverkanir	Algengar
Efnaskipti og næring	Aukin matarlyst	Algengar
	Minnkuð matarlyst	Algengar
	Skertur fastandi glúkósi	Algengar
Geðræn vandamál	Svefnleysi	Algengar
	Óeðlilegir draumar	Algengar
	Depurð	Algengar
	Svefnröskun	Algengar
Taugakerfi	Höfuðverkur	Algengar
	Sundl	Algengar
	Heilkenni úlnliðsganga	Algengar
	Náladofi	Algengar
Meltingarfæri	Ógleði	Algengar
	Verkur í efri hluta kviðar	Algengar
Húð og undirhúð	Bólur	Algengar
	Óeðlilegur hárvöxtur	Algengar
Stoðkerfi og bandvefur	Liðverkir	Algengar
	Vöðvaþreyta*	Algengar
	Vöðvaverkir	Algengar
	Verkir í útlimum	Algengar
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Þróttleysi	Algengar
	Þreyta	Mjög algengar
Rannsóknaniðurstöður	Blóðkalíumlækkun	Algengar
	Hækkað lágþéttni lípóprótein	Algengar
	Renínaukning	Algengar
	Þyngdaraukning	Algengar

*Ásamt vöðvaslappleika

Lýsing á völdum aukaverkunum

Skert starfsemi nýrnahetta (þar með taldar bráðar aukaverkanir).

Tilkynnt var um tilvik bráðrar nýrnahettubilunar í klínísku rannsóknaráætluninni en ekkert tilvikanna var talið tengjast Efmody. Fylgjast skal vandlega með einkennum bráðrar nýrnahettubilunar og meðhöndla hana tafarlaust hjá sjúklingum með nýrnahettubilun (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Mjög sjaldgæf tilvik um ofnæmislíkt lost hafa komið fyrir hjá sjúklingum sem fá barkstera, sérstaklega þegar sjúklingur á sér sögu um lyfjaofnæmi.

Fyrri rannsóknarhópar sem fengu meðferð við meðfæddum ofvexti nýrnahetta hafa reynst hafa minni steinefnaþéttni beina og aukna tíðni beinbrota (sjá kafla 4.4) - það er óljóst hvort þetta tengist meðferð með hýdrókortisóni með núverandi uppbótaráætlunum.

Í sögulegum ferilrannsóknum á fullorðnum sem fengu meðferð við meðfæddum ofvexti nýrnahetta reyndust áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma auknir og meiri hætta á heilaæðasjúkdómi en hjá almenningi. Það er óljóst hvort þetta tengist meðferð með hýdrókortisóni við núverandi uppbótarmeðferð.

Börn

Engin börn tóku þátt í klínísku þróunaráætluninni fyrir Efmody. Hýdrókortisón hefur verið notað í yfir 60 ár í barnalækningum með svipað öryggi og hjá fullorðnum. Vaxtarskerðing hefur greinst hjá börnum sem eru meðhöndluð með hýdrókortisóni til að meðhöndla meðfæddan ofvöxt nýrnahetta og getur það bæði stafað af röskuninni og hýdrókortisóni. Hröðun kynþroska hefur greinst hjá börnum sem hljóta hýdrókortisón -meðferð til að meðhöndla meðfæddan ofvöxt nýrnahetta og tengist það of mikilli framleiðslu andrógens í nýrnahettum (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V.

4.9 Ofskömmtun

Tilkynningar um bráðar eiturverkanir og/eða dauðsföll vegna ofskömmtunar hýdrókortisóns eru mjög sjaldgæfar. Ekkert mótefni er til. Líklega er ekki mælt með meðferð við aukaverkunum af völdum langvinnra eitrana, nema ástand sjúklingsins geri hann óvenjulega næman fyrir neikvæðum áhrifum hýdrókortisóns. Í þeim tilfellum skal meðhöndlun einkenna vera eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Barksterar til altækrar notkunar (systemic use), sykursterar. ATC-flokkur: H02AB09.

Verkunarháttur

Hýdrókortisón er sykursteri. Sykursterar hafa margþætt áhrif í mörgum vefjum með því að hafa áhrif á steraviðtaka í frumum.

Lyfhrif

Hýdrókortisón er sykursteri og samtengt form innrænnar kortisólframleiðslu. Sykursterar eru barksterasterar í nýrnahettum, bæði náttúrulegir og samtengdir (synthetic), sem frásogast auðveldlega úr meltingarvegi. Kortisól er aðalbarksterinn sem nýrnahettubörkurinn framleiðir. Sykursterar sem finnast við eðlilegar aðstæður (hýdrókortisón og kortisól), sem einnig hafa saltbindandi eiginleika, eru notaðir í uppbótarmeðferð við barksteraskorti. Þeir eru einnig notaðir vegna öflugra bólgueyðandi áhrifa þeirra á sjúkdóma í mörgum líffærakerfum. Sykursterar hafa mikil og fjölbreytt áhrif á efnaskipti. Auk þess breyta þeir ónæmissvörun líkamans við mismunandi áreiti.

Verkun og öryggi

Rannsókn á 122 þátttakendum með erfðafræðilega greindan 21-hýdroxýlasaskort sem var slembiraðað í Efmody meðferð eða áframhaldandi hefðbundna meðferð með blindaðri skammtatítrun og reglulegum sniðum yfir nótt náði ekki aðalendapunkti sem var yfirburðir í breytingum frá upphafsgildi að 24. viku frá meðaltali 24 klukkustunda staðalfrávikssskors (Standard Deviation SCore (SDS)) fyrir 17-hýdroxýprógesterón 17-OHP. Staðalfrávikssskor fyrir 17-OHP var lægra í Efmody rannsóknarhópnum samanborið við staðlaða meðferð í viku 4 og 12. Í viku 24 var staðalfrávikssskor fyrir 17-OHP lægra að morgni (frá 07:00 til 15:00) en ekki að kvöldi eða nóttu (sjá einnig margfeldismeðaltal fyrir sólarhringssnið 17-OHP eftir stífa 24 vikna meðferð á mynd 1). Lækkun á 17-OHP flatarmáli undir ferli kom fram í báðum hópunum með meiri lækkun í Efmody rannsóknarhópnum. Hlutfall sjúklinga með stjórn á 17-OHP kl. 09:00 kl. (<36nmól/l) var 50% við upphafsgildi og í viku 24 var það 91% í Efmody rannsóknarhópnum og 71% í rannsóknarhópnum sem hlaut staðlaða meðferð. Efmody sjúklingar fengu ekki nýrnahettukreppu (samanborið við 3 í samanburðarhópnum) og upplifðu færri veikindadaga þar sem þörf var á skammtaaukningu sökum aukins álags (26 samanborið við 36 í samanburðarhópnum) þrátt fyrir að tilkynnt hafi verið um fleiri tilvik af viðbótar smitsjúkdómum eða meltingarfærasjúkdómum.

Sólarhringsskammtur af sykursterum, mældur sem samsvarandi skammtur af hýdrókortisóni, jókst hjá flestum einstaklingum meðan á rannsókninni stóð (sjá töflu 2).

Tafla 2. Breytingar á sólarhringsskömmtum sykurstera í 3. stigs rannsókninni DIUR-005

Skammtur	**Hópur sem fékk hýdrókortisón í hörðum hylkjum með breyttan losunarhraða**		**Hópur sem fékk hefðbundna sykurstera**	
	Grunngildi	**24 vikur**	**Grunngildi**	**24 vikur**
Allir (samsvarandi skammti af hýdrókortisóni)				
Miðgildi sólarhringsskammts (mg)	25,0	30,0	25,0	31,3
Á hýdrókortisóni við upphafsgildi				
Miðgildi sólarhringsskammts (mg)	20,0	25,0	23,75	25,0
Á prednisóloni við upphafsgildi				
Miðgildi sólarhringsskammts (mg)	30	27,5	26,6	32,8
Á dexametasóni við upphafsgildi				
Miðgildi sólarhringsskammts (mg)	30	30	40	40

Mynd 1. Margfeldismeðaltal við lok meðferðar fyrir sólarhringssnið 17-OHP eftir 24 vikur af stífri meðferð með Efmody (lokaðir hringir) eða staðlaða meðferð (opnir hringir).



Öryggisframhaldsrannsókn hjá 91 sjúklingi með skammtatítrun rannsóknaraðila (DIUR-006) einkenndist af því að skammtar voru minnkaðir þar sem miðgildi sólarhringsskammts af Efmody í milligreiningu í mánuði 18 (n=50) var 20 mg (miðað við 30 mg miðgildi sólarhringsskammts) með eftirstandandi 17-OHP gildi við klínískt ákvarðaða ákjósanlegasta bilið og andróstendíón sem var við eða undir viðmiðunarbilið fyrir venjulegan einstakling.

Í öryggismati á klínísku rannsóknunum var tilkynnt um mismun á meðferðarörmun hvað varðar aukaverkanir í tengslum við meðferð (samkvæmt kjörhugtökum). Greinilegasti munurinn á milli meðferðar með Efmody og staðlaðrar sykursterameðferðar, í þessari röð, kom fram í tengslum við höfuðverk (7,5% samanborið við 1,6%), aukna matarlyst (5,8% samanborið við 3,3%), þyngdaraukningu (þ.m.t. óeðlileg þyngdaraukning) (9,2% samanborið við 1,6%), minnkaða matarlyst (5,0% samanborið við 0%) og ógleði (4,2% samanborið við 1,6%).

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Eftir að stakur skammtur var gefinn til inntöku hjá dexametasón-bældum heilbrigðum fullorðnum einstaklingum sem voru að fasta, var frásogshraði hýdrókortisóns úr Efmody 20 mg seinkaður og minnkaður samanborið við 20 mg hýdrókortisón töflur með hraða losun, eins og fram kemur með lægra C_{max} og verulega lengra T_{max} fyrir Efmody (miðgildi T_{max} fyrir kortisól í sermi var 4,5 klukkustundir fyrir Efmody og 0,88 klukkustundir fyrir hýdrókortisón töflur). Efmody virtist vera aðgengilegra miðað við hýdrókortisón töflur með hraða losun, þar sem heildarútsetning fyrir kortisóli í sermi og afleitt óbundið kortisól var u.þ.b 19% og 13% hærra fyrir Efmody, í þeirri röð.

Í sama þýði reyndist matur (fiturík máltíð sem hófst 30 mínútum fyrir skammt) hægja á og draga úr frásogshraða hýdrókortisóns frá Efmody 20 mg, eins og fram kemur með lengra T_{max} (miðgildi T_{max} fyrir kortisól í sermi er 6,75 klukkustundir fyrir sjúklinga sem höfðu matast og 4,5 klukkustundir fyrir sjúklinga sem höfðu fastað) og lægra C_{max} (lækkað um u.þ.b. 20% hjá einstaklingum sem höfðu matast). Heildarútsetning virtist svipuð hjá einstaklingum sem höfðu matast og fastað (90% öryggisbil

fyrir hlutfall mötunar/föstu fyrir margfeldismeðaltal minnstu kvaðrata AUC_{0-t} og AUC_{0-inf} voru innan við 80-125%). Þessi áhrif eru því ekki talin klínískt mikilvægt.

Dreifing

90% eða meira af hýdrókortisóni í blóðrás binst afturkræft við prótein.

Bindingin er mynduð af tveimur próteinbrotum. Annað barkstera-bindandi globúlínið er glýkóprótein; hitt er albúmín.

Umbrot

Hýdrókortisón umbrotnar í lifur og í flestum líkamsvefjum í vetnistengd og niðurbrotin form svo sem tetrahýdrókortisón og tetrahýdrókortisól sem skiljast út í þvagi, aðallega sem glúkúróníðtengd umbrotsefni, ásamt mjög litlu hlutfalli af hýdrókortisóni sem skilst út óbreytt. Hýdrókortisón er bæði umbrotið af CYP3A4 og stjórnar CYP3A4.

Brotthvarf

Hjá þeim dexametasón-bældu heilbrigðu fullorðnu einstaklingum sem voru fastandi og lýst var hér framar, voru gildi helmingunartíma brotthvarfs svipuð fyrir Efmody og hýdrókortisóntöflur (margfeldismeðaltal $t_{1/2}$ fyrir kortisól í sermi við 1,38 klukkustundir og 1,40 klukkustundir, í þeirri röð). Úthreinsun virtist meiri fyrir hýdrókortisóntöflur samanborið við Efmody (margfeldismeðaltal úthreinsunar (CL/F) fyrir kortisól í sermi var 22,24 l/klst. og 18,48 l/klst., í þeirri röð).

Börn

Lyfjahvörf Efmody hafa ekki verið rannsökuð hjá börnum.

Aðrir sjúklingahópar

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á sjúklingum með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Gjöf barkstera hjá dýrum á meðgöngu getur valdið óeðlilegum þroska fósturs, m.a. klofnum gómi, vaxtarskerðingu í móðurkviði og áhrifum á heilavöxt og -þroska.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Kyrni

Örkristallaður sellulósi
Póvídón
Metakrýlsýra-metýlmetakrýlatsamfjölliða (1:2)
Metakrýlsýra-metýlmetakrýlatsamfjölliða (1:1)
Talkúm
Díbútýlsebasat

Hylki

Gelatín

Efmody 5 mg hörð hylki með -breyttan losunarhraða (hvít/blá)

Títandíoxíð (E171)
Indigótín (E132)

Efmody 10 mg hörð hylki- með breyttan losunarhraða (hvít/grænn)

Títandíoxíð (E171)
Indigótín (E132)
Gult járnoxíð (E172)

Prentblek

Gljálakk
Svart járnoxíð (E172)
Própýlenglýkól
Kalíumhýdroxíð

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í upprunalegum umbúðum.

Geymið glasið vel lokað til varnar gegn raka.

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði.

6.5 Gerð íláts og innihald

Hylkin koma í háþéttni pólýetýlen (HDPE) glasi með skrúfuðu barnaöryggisloki úr pólýprópýleni- sem sést á ef hróflað hefur verið við og með innbyggðu þurrkefni. Hvert glas inniheldur 50 hörð hylki með breyttan losunarhraða.

Pakkningastærð:
Askja sem inniheldur 1 glas með 50 hörðum hylkjum með breyttum losunarhraða.
Askja sem inniheldur 2 glös með 50 hörðum hylkjum með breyttum losunarhraða (100 hylki).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Neurocrine Netherlands B.V.
Van Heuven Goedhartlaan 935 A,
1181LD Amstelveen,
Holland
diurnalinfo@neurocrine.com

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

Efmody 5 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða EU/1/21/1549/001 (50 hylki)
Efmody 10 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða EU/1/21/1549/002 (50 hylki)
Efmody 5 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða EU/1/21/1549/004 (100 (2x50) hylki)
Efmody 10 mg hörð hylki með breyttan -losunarhraða EU/1/21/1549/005 (100 (2x50) hylki)

